

Stjórnarfundur 16.feb. 2012 í Digranesi

Mættir: Anna María, Brynhildur, Gunnar Þór, Karen, Sigurður, Sólveig og Særún ásamt Sigrúnu skólastjóra

Fundur settur kl 19:50

Stjórn hafði sent Sigrúnu skólastjóra lista yfir nokkur mál sem stjórn taldi þörf á að ræða og fá meiri upplýsingar um.

1. Kvartanir um að matartími sé of stuttur, börnin hafi ekki tíma til að klára matinn. Er fylgst með því hvort börnin borða?

Matartíminn var stytur í vetur úr 30 mín niður í 20 mín, síðan eru 20 mín frímínútur. Sigrún segir að skoða megi að lengja matartímann í 25 mínútur næsta vetur, a.m.k. á yngsta stigi. Langflest börnin klára matinn sinn á styttri tíma, þau sem eru lengi að borða fá næði til að ljúka matnum. Kennarar eru í matsalnum og fylgjast með börnunum á meðan þau borða og reyna að passa upp á að þau borði sinn mat en aldrei hægt að tryggja að þau fari ekki út án þess að borða. Sigrún vill að foreldrar hringi í stjórnendur til að láta vita ef börnin þeirra borði ekki eða eru lengi að borða þannig að hægt sé að fylgjast sérstaklega með þeim. 5 starfsmenn eru í matsalnum í einu.

Búið er að hljóðeinangra matsalinn í Digranesi þannig að mun minni hávaði er þar. Mæling sem gerð var af verkfræðistofu í byrjun október sýndi að hljóðeinangrunin tókst eins og stefnt var að.

2. Prófdagar á elsta stigi; verða þeir aftur kennsludagar eða skertir dagar eins og verið hefur undanfarin ár?

Athugasemd kom frá Samkóp um að of margir dagar á skólaárinu væru skertir. Einungis er hægt að hafa 4 prófdaga yfir veturinn. Á prófdögum í janúar var felld niður valgreinakennsla og nemendur fengu tækifæri til að undirbúa sig fyrir prófin á skólatíma.

Farið er að ræða að sleppa þessum stóru prófum í janúar en hafa annars konar námsmat. Stefnt er á að taka upp leiðsagnarmat næsta vetur.

3. Fjöldi skólaliða – gæsla í frímínútum

Gæsla í frímínútum og matartíma var aukin í vetur. Bæði skólaliðar og kennarar sjá um hana.

Kennarar sjá meira um að koma börnunum út en þar taka skólaliðar við.

Álagið í gæslunni hefur minnkað eftir að matartími var stytur, færri vandamál koma upp. Sigrún telur gæsluna ganga vel með þessari mönnun. Vandræði koma þó upp ef einhver er veikur því að engin afleysing er fyrir skólaliða ef þeir eru veikir.

Stefnt er að því að 10. bekkingar taki þátt í gæslu á miðstiginu, og eiga þá m.a. að leika við krakkana. Þetta verður hluti af lífsleikninámi þeirra.

4. Dægradvölin –of lítið um að vera? Of lítið pláss? Afhverju er dregið úr 4. bekkingum að vera í dægradvöl?

Foreldrafélagið hefur ekki fengið kvartanir en þessar athugasemdir heyrast meðal foreldra.

Börnum fækkaði í dægradvöl eftir hrúnið. Það hefur dregist að byggja hús fyrir dægradvölinu og ekki vitað hvenær það verður gert. Börnin komast í íþróttahúsið 2-3x í viku. Sum fara í kór, aðrir að baka, sumir í smíði yfir í Hjalla. Boðið er m.a. upp á handbolta og dansnámskeið. Tónlistarkennsla er í skólanum.

Sigrún hefur ekki heyrt að dregið sé úr 4. bekkingum að vera í dægradvöl, ætlar að athuga það.

Það virðist vanta meiri upplýsingar frá dægradvölinni um hvað er að gerast þar. Athuga með að setja meira inn á heimasíðuna.

5. Umferðin kringum skólann á morgnana

Mikil umferð er í kringum Digranes á morgnana og oft myndast teppa við aðalinnganginn. Minni umferð er hinum megin við skólann, nær íþróttahúsinu.

Sigrún vill að foreldrafélagið skrifi bréf til foreldra um að stöðva ekki of lengi og alls ekki skilja bílinn eftir í gangi. Ákveðið að koma ábendingu til foreldra í fréttabréfið.

6. Niðurstöður stefnumótunarskýrslunnar frá í fyrra

Athugasemdir sem fram komu á stefnumótunarfundinum með foreldrum hafa verið skoðaðar og ræddar á fundum með kennurum. T.d. kom athugasemd varðandi foreldraviðtalið og kennarar fóru á námskeið í viðtölum.

Sameiginlegur stefnumótunarfundur verður 14. apríl. Þá á að vera búið að taka saman hvað hefur verið gert síðan síðasti fundur var haldinn.

Rætt um að auka upplýsingaflæði til foreldra bæði á heimasíðunni og með fréttabréfi um ýmislegt annað í skólastarfinu en viðkemur beint náminu.

7. Matsteymi Álfhólsskóla

Engin regla um að foreldri sé í matsteymi skólans. Sigrún telur rétt að hafa foreldri þar með, en máli skiptir að viðkomandi hafi einhverja þekkingu á málinu. Spurning hvort eigi að koma einhvers staðar inn reglu um að foreldri sé valið inn og hvernig.

8. Önnur mál

Bekkjafulltrúar hafa verið að senda skýrslur frá fundum sínum með foreldrum til umsjónarkennara og síðan hafa þær borist til skólastjóra. Stjórn foreldrafélagsins ætti að ganga eftir að fá þær sendar til sín.